

HÉR SKAL NEMA LAND!

Einstaklings-
eða para-
verkefni


Settu þig í spor Unnar djúpúðgu og komdu að landi á nánast óbyggðu Íslandi. Hvað þarftu að hafa í huga þegar þú nemur land með tilliti til matar, húsaskjóls og öryggis?

1. Teiknaðu mynd af langhúsinu sem þú ætlar að búa í.
2. Hvar á landinu er best að búa? Rökstyddu svar þitt.
3. Hvernig ætlar þú að lifa af?
 - a. Skrifið niður hvað þið þurfið til að lifa af.
 - b. Hvað þurfa dýrin ykkar?
4. Hvernig er gróðurfar og landslag þar sem bærinn þinn verður? Lýstu ítarlega.
5. Búðu til kort af ferðalagi Unnar djúpúðgu frá Noregi alla leið vestur í Dali. Hægt er að nota dæmis Google Maps eða Google Earth.

Afurð: Veggspjald

Viðmið um árangur:

- ☐ Ég get fundið upplýsingar um gerð langhúsa.
- ☐ Ég get hannað mitt eigið langhús.
- ☐ Ég get rökstutt hvers vegna er gott að búa á jörðinni.
- ☐ Ég get lýst gróðurfarinu og landslaginu.
- ☐ Ég geri mér grein fyrir hvað ég og dýrin þurfum til að lifa af.
- ☐ Ég get unnið með kort.
- ☐ Ég get teiknað leið inn á kort.



Þú getur hlustað á viðtalsþátt Ormstungna við fornleifafræðinginn Völu Garðarsdóttur þar sem fjallað er um landnám Íslendinga þér til innblástrar.